



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Póst- og fjarskiptastofnun  
bt. Óskars Þórðarssonar  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2012

Tilv.: 1209024

Samkeppniseftirlitið hefur haft til skoðunar frumdrög greiningar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Greiningin byggir á ákvörðun nr. 3/2012 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7), sem birt var þann 13. janúar sl. Samkvæmt ákvörðuninni skal jafna og lækka hámarks lúkningarverð, þ.e. það verð sem farsímafyrirtæki tekur fyrir að ljúka símtali í sínu kerfi sem hefst í öðru kerfi. Niðurstaða frumgreiningar PFS er að frá og með 1. janúar 2013 til og með 31. desember 2013 skuli lúkningargjaldið vera 1,66 kr./mín. hjá öllum íslenskum farsímarekendum, þ.e. Símanum, Vodafone, Nova, IMC/Alternu og Tali. Framangreind niðurstaða byggir á verðsamanburði á meðalverði þeirra sjö EES-ríkja sem beitt hafa svokallaðri *Pure LRIC* kostnaðargreiningu.

Eins og fram kemur í framangreindum frumdrögum hefur greining á þessum markaði áður verið gerð á árunum 2006 og 2010. Í seinni greiningunni, ákvörðun PFS nr. 9/2010, voru Síminn, Vodafone og IMC/Alternu útnefnd fyrirtæki með umtalsverðan markaðshlutdeild á viðkomandi markaði og gert að lækka lúkningarverð í áföngum í 4,0 kr. þann 1. janúar 2013. Sú niðurstaða byggði á niðurstöðu kostnaðargreiningar Símans sem leiddi til lækkunar á hámarksverði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum.

Umsögn Samkeppniseftirlitsins um drögin varðar m.a. skilgreiningu á viðkomandi þjónustu- og vörumarkaði og landfræðilegum markaði og þeim þáttum sem ætla má að hafi áhrif við mat á markaðsstyrk fyrirtækja á einstaka markaði.

Í drögunum eru umræddir markaðir skilgreindir fyrirfram í samræmi við hlutverk PFS. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við þá þætti draganna sem það tók til skoðunar og telur að greiningin að þessu leyti sé vel unnin og þjóni markmiðum sínum.



Það er hins vegar mat Samkeppniseftirlitsins að lækkun lúkningarverðs á grundvelli verðsamanburðar (e. *benchmark*), eins og PFS hyggst nú mæla fyrir um, kann mögulega að leiða til undirverðlagningar þeirrar þjónustu sem hér um ræðir ef t.d. niðurstaða í áðurnefndri kostnaðargreiningu Símans frá árinu 2009 er höfð til hliðsjónar en hún byggði á sundurliðuðum rekstrarkostnaði Símans árið 2007. Þó kann að vera að sú kostnaðargreining hafi falið í sér ofmat á kostnaði við viðkomandi þjónustu og/eða að hann hafi lækkað verulega frá þeim tíma. Samkeppniseftirlitið er ekki í stakk búíð að taka afstöðu til þess. Samkeppniseftirlitið telur að verðsamanburður við niðurstöðu úr kostnaðargreiningu í öðrum löndum eins og boðað er, sýni ekki fram á með hvaða hætti t.d. raunverulegur kostnaður Símans hafi breyst frá því að kostnaðargreining fyrirtækisins var lögð fram á árinu 2009. Eins kann að vera að verðsamanburður milli landa nú gefi aðra niðurstöðu en ný eða uppfærð kostnaðargreining innlendrar þjónustu myndi gera í ljósi t.d. gjaldeyrishafta hér á landi og gengisskráningar sem er afleiðing haftanna. Að þessu virtu getur Samkeppniseftirlitið ekki lagt mat á það hvort fyrirhuguð lækkun á lúkningargjaldi hjá íslenskum fjarskiptafélögum stuðli mögulega að undirverðlagningu þeirrar þjónustu hér á landi.

Rétt er að taka fram að Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk að beita ákvæðum samkeppnislaga m.a. á fjarskiptamarkaði. Niðurstaða eftirlitsins um skilgreiningu markaða og stöðu fyrirtækja ræðst af atvikum í hverju máli fyrir sig. Í ljósi þessa er Samkeppniseftirlitið, eðli málsins samkvæmt ekki bundið af þeirri aðferðafræði og þeim ályktunum sem fram koma í drögum PFS, þegar það tekur í framtíðinni til meðferðar mál sem varða umræddan markað. Á það sama við um aðferð við mat á því hvort verðlagning tiltekinnar þjónustu sé samrýmanleg ákvæðum samkeppnislaga.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson